



Kennari: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍP

Áfangalýsing:

Saga heilbrigðisfræðinnar er kynnt. Lagður er grunnur að þekkingu á viðfangsefnum og rannsóknaraðferðum. Fjallað er um hugtök eins og heilsa, sjúkdómar og innra og ytra umhverfi. Lögð er áhersla á að nemendur meti eigin heilsu og þekki hvaða leiðir þeir eigi að fara til að auka eigið heilbrigði. Áhersla er lögð á forvarnir og leiðir til að bæta heilbrigðisástand og efla heilbrigðisvitund. Fjallað er um mismunandi heilbrigðis- og félagslegar aðstæður einstaklinga og hvaða áhrif þær hafa á gildismat og viðhorf til m.a. sjúkdóma, lyfja, fíkniefna og kynlífs. Fjallað er um helstu vímuefni sem eru í umferð og áhrif þeirra á heilbrigðisástand einstaklinga. Gerð er grein fyrir helstu flokkum örvera, smitleiðir sýkla og varnir gegn sýkingum. Fjallað er um algenga sjúkdóma í nútíma samfélagi, orsakir þeirra og forvarnir. Farið er í mengunarvarnir og aðgerðir til að vernda umhverfið og lífríkið gegn mengun.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- heilbrigðishugtakinu
- sögulegri þróun heilbrigðisfræði og áhrifum á heilbrigðismál
- helstu heilbrigðisvandamálum í nútíma samfélagi og forvörnum gegn þeim
- uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- aðferðum og aðgerðum sem stuðla að heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu
- helstu umhverfispáttum sem ógnað geta heilbrigði

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla á fjölbreyttan hátt þekkingar um aðgerðir og aðferðir sem stuðla að slysavörnum,
- heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- sýna í verki að hann tekur ábyrgð á eigin heilsu
- gera grein fyrir umhverfispáttum sem geta ógnað heilbrigði manna

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja tilgang heilbrigðisvitundar og heilsueflingar
- skilja helstu hugmyndir og hugtök um heilbrigði
- leita sér þekkingar og færni í öflun upplýsinga um heilsuástand
- geta lagt mat á eigin heilsu

Námsefni:

Bókin Líf og heilsa, þýðing norsku bókarinnar Liv og helse, helsefagboka eftir Else Kari Bjerve, Reidun Haugen og Sigríð Stordal. Ásamt efni frá kennara.

Sérreglur áfangans:

Ef nemendur eru ekki tilbúnir með hópverkefni/ einstaklingsverkefni á skiladegi er ekki hægt að fá frest til að skila og þeir fá 0 fyrir verkefnið.

Ef einhver hefur ekki skilað af sér sínum hlut í hópavinnunni, fær hann 0, en aðrir í hópnum þá einkunn sem verkefnið stendur undir

Námsmat:

Hópverkefni 1	15%
Fræðsluverkefni	20%
Hlustun og spurningar	10%
Ýmis verkefni	15%
Getnaðarvarnir/	10%
Kynsjúkdómar	
Lífstíllssjúkdómar	10%
Vetrareinkun/mæting	20%

Nemandi verður að ná samanlagðri lágmarkseinkunn úr öllum þáttum námsmats og ná lágmarkseinkunn í prófi til þess að ljúka námskeiðinu. Ef hann nær því ekki eða getur/ eða hefur ekki skilað verkefnum, getur nemandi tekið lokapróf í áfanganum

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni (kennslubók) Lesefni	
34. vika	Kynning og hvað er heilbrigði	1. og 2. kafli
35. vika	Vímuefni	14. og 15. kafli
36. vika	Vímuefni	13. og 16. Kafli
37. vika	Verkefni	
38. vika	Forvarnir og heilsuefling	3. og 4. kafli
39. vika	Fræðsluherferðir	7. og 8. kafli
40. vika	Fræðsluverkefni	
41. vika	Bakteríur, veirur, ónæmi og ónæmiskerfið	19. og 21. kafli
42. vika	Faraldsfræði	efni frá kennara
43. vika	Kynsjúkdómar og getnaðarvarnir	9., 10. og 11. Kafli
44. vika	Verkefni	
45. vika	Smitsjúkdómar	20. og 22. kafli
46. vika	Lífstíllssjúkdómar	5. og 6. Kafli
47. vika	Verkefni	
48. vika	Umhverfisáhrif og heilsufar	23. kafli
49. vika	Samantekt og verkefni	
50. vika	Upprifjun	

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

